



Reykjavík, 11. desember 2020
Fundargerð 220. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 11. desember var haldinn 220. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Einnig sátu fundinn þau Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri, Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar og Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Undirbúningur fyrir bólusetningar

Undirbúningur hefur verið í gangi varðandi mögulegt skipulag bólusetninga þegar til kemur. Almannavarnir, sveitarfélögin og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Brennur

Lagt hefur verið til að áramótabrennur verði ekki leyfðar á þessu ári á grundvelli sóttvarna og þeirra hópamyndana sem geta átt sér stað við brennurnar.

Afgreiðsla: Stjórn tekur undir að á grundvelli sóttvarna verði ekki áramótabrennur um þessi áramót.

3. Flugeldasýningar

Umræða um flugeldasýningar og mögulegar hópamyndanir í kringum þær.

Afgreiðsla: Kynning. Verður tekið upp á næsta fundi.

4. Litaflokkkað viðvörunarkerfi

Litaflokkkað viðvörunarkerfi vegna COVID 19 hefur verið virkjað en unnið að nánari útfærslu á því, t.d. varðandi skólastarf og verður kynnt sérstaklega þegar það er tilbúið.

Afgreiðsla: Frestað.

5. Síðustu tölur

Farið stuttlega yfir síðustu tölur.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Reglugerð varðandi skólastarf er í gildi til áramóta, en almenn reglugerð heilbrigðisráðherra er í gildi til 12. janúar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020, dags. 6. desember 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að takmörkunum í skólahaldi vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020, dags. 6. desember 2020.
- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1223/2020, dags. 8. desember 2020.
- Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 1224/2020, dags. 8. desember 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

AHS hefur fundað með einingum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu t.d. á vettvangi skóla-, velferða- og íþróttamála til að tryggja samræmingu og að allir séu meðvitaðir um breytingar á reglugerðum um sóttvarnir.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Ráðstafanir LRH

Lögreglustjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

10. Önnur mál AHS

Engin önnur mál

Fundi slitið klukkan 10:00.

**Fundir verða boðaðir eftir þörfum,
næsti skipulagði fundur er föstudaginn 18. desember.**

Fylgiskjöl:

AHS:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020, dags. 6. desember 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að takmörkunum í skólahaldi vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020, dags. 6. desember 2020.
- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 1223/2020, dags. 8. desember 2020.
- Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 1224/2020, dags. 8. desember 2020.